

Ferðamálalöng 29. október, Erna Hauksdóttir

Það er til marks um að það sé farið að halla undan fæti þegar fólk er beðið um að líta yfir farinn veg. Ég ákvað að vaða elginn samhengislaust og rifja upp hinar og þessar sögur sem eiga ekkert annað sameiginlegt en að gerast í ferðaþjónustu.



Ég réði mig til starfa sem framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa í upphafi árs 1985. Þegar ég hætti störfum í greininni fyrir ári síðan þá var ég því búinn að vera atvinnuþrasari í nærfellt þrjátíu ár.

Þegar ég byrjaði hjá SVG þá var ég ekki að hefja störf í ferðaþjónustu. Ég tengdi það ekki sérstaklega. Það er kannski mesta breytingin. Fyrir þessum tæpum 30 árum komu u.þ.b. 100 þúsund ferðamenn til Íslands en það var enginn að tala um ferðaþjónustu. Ég man eftir stjórnáráðmönnum sem héldu ræður um íslenskt atvinnulíf og voru komnir niður í minnarækt án þess að minnast á ferðaþjónustu. Nú eru fjölmiðlar undirlagðir af fréttum um ferðaþjónustu. Gríðarlegur vöxtur í fjölda og gjaldeyriskjóm hjálpaði aldeilis til við það. Þegar við stofnuðum SAF þá var eitt helsta verkefnið fyrstu árin að koma ferðaþjónustunni á dagskrá, við sendum út ógrynni af fréttatilkynningum, heimsóttum stjórnáráðmenn og trúðum okkur inn í alla fjölmiðla sem mögulegt var, með það að markmiði að tala um ferðaþjónustu og hversu mikilvæg hún væri. Við ákváðum t.d. að halda aðalfund SAF árið 2001 undir yfyrskriftinni MILLJÓN FERÐAMENN og bentum á að það gæti gerst árið 2015 og ýmislegt sem þyrfti að undirbúa. Þetta sló í gegn, kom okkur í alla fjölmiðla en margir ráku upp stór augu. Þetta stóð samt heima og vel það.

Ég held að stofnun SAF hafi verið eitt stærsta skrefið sem stigið hefur verið í ferðaþjónustunni. Hótel og veitingamenn samþykktu að SAF yrðu byggt á SVG og afhentu nýju samtökunum allt sitt eigið fé. Það var mikil framsýni og óeigingirni og gerði þetta í raun kleift. Það var í raun ekki á neinum öðrum samtökum að byggja og erfitt að byrja með tvær hendur tómar. Allt í einu talaði öll greinin sömu röddu, flugfélög, hótél, ferðaskrifstofur, veitingahús og bílafyrirtæki, það þýddi ekki lengur fyrir ráðherrana að segja að greinin væri ósammála eins og áður var gert og það var allt í einu hægt að gera samninga fyrir hönd ferðaþjónustunnar og um leið og við vorum búin að stofna SAF gerðum við samning við ríkið um markaðsmál. Við vorum talsmenn og gátum skrifað undir fyrir hönd greinarinnar. Ég held að stjórnvöld hafi líka verið fegin að hafa einhvern til að tala við og hafa samskipti SAF við stjórnvöld, sérstaklega ráðherrann sem sinnti ferðamálum á hverjum tíma, jafnan verið mjög gott.

Það er gaman að vinda sér aftur til þess þegar SVG var stofnað 1945, það sem knúði menn þá til samstöðu var skömmun eftir stríðið. Stjórn SVG þurfti að fá Ferðaskrifstofu Íslands í lið með sér til að fá að flytja sameiginlega inn bollapör, rúmfataefni og rúsínur og þurftu veitingahúsin síðan að skipta vörunum á milli sín. Oft var sykur lánaður milli veitingastaða. Sambandið var því oft kallað sykurmolafélagið.

Auðvitað eru gríðarlegar breytingar sem liggja í augum uppi s.s. fjölgun ferðamanna úr 100 þús. í milljón á þessum þrjátíu árum, og það sem þeim fylgir í statistikinni, gistinætur, kaup á bílaleigubílum og gríðarlega byltingu í afþreyingamöguleikum sem okkur hefði aldrei dottið í hug hér áður fyrr..

Við höfum lengi lagt mikla áherslu á menntun (undirstaða gæðanna) og hún verður sífellt fjölbreyttari. Hún var þó lítil sem engin í sumum greinum hér áður

fyrir t.d. leiðsögunám. Fyrstur til að hafa leiðsögn að atvinnu allt árið var Kristján Arngrímsson sem mörg okkar þekktu en er nú látinn. Hann hóf starfsferil sinn um svipað leyti og gos hófst í Heklu árið 1947. Páll Arason, mikill ferðafrömuður hér áður fyrir, var með ferðir austur að gosstöðvunum og vantaði einhvern enskumælandi til að sinna leiðsögninni. Það hann Kristján um að taka það að sér. Pilturinn var þá átján ára og kunni bara þá ensku sem hann lærði í skóla. Reyndar kunni hann líka nokkra enska dægurlagatexta. Kristján spurði Pál hvað hann ætti að segja útlendingunum: „Segðu þeim eitthvað,“ svaraði þá Páll og þannig fór pilturinn af stað í sína fyrstu ferð. Líklega hefur ráðið dugað vel því Kristján starfaði sem rómaður leiðsögumaður í rúmlega hálfra öld. Núna útskrifast glæsilegur hópur nýrra leiðsögumanna á ári hverju. Þessa sögu má m.a. lesa í bókinni Saga ferðaþjónustunnar sem kemur út í næsta mánuði og SAF gefa út.

Ísland er í dag vinsælt og eftirsótt ferðamannaland og hafa fyrirtækin lagt mikið í landkynningu í gegnum tíðina, sífellt meira og stjórnvöld stutt vel við. Ein stutt úr bókinni góðu: Á veglegri Íslandskynningu á glæsihótelum í Bandaríkjunum um miðja síðustu öld hreppti rosín kona Íslandsferð sem aðalvinningur í happdrætti kvöldsins. Þegar hún fékk vinninginn afhentan stundi hún upp: Do I have to go?

Mér dettur í hug varðandi reykingar á veitingastöðum. Á SVG árunum ákváðum við að fara í herferð fyrir reyklusum morgunmat á hótelum. Það þótti nú nokkuð byltingarkennt. Útlendingar tóku þessu ágætlega en sumir Íslendingar mjög illa, karlar reyndu að kveikja sér í vindli yfir kornfleksinu með krakkana í kringum sig en áfram var barist með góðum árangri. Síðan komu skrefin eitt af öðru þar til sverustu búllur eru nú orðnar reyklusar.

Það hefur stundum verið erfitt að fá suma félagsmenn til að greiða félagsgjöldin. Á fyrstu árum mínum hjá SVG, '85-'89 var staðan þannig að lög kváðu á um álagningu veitingamanna á áfengi. Þetta var 40% á létt vín og 80% á sterkt. Þetta

þætti nú ekki mikið í dag. Ríkisstjórnin breytti áfengisverðinu ca. tvisvar á ári og þá þurfti að reikna nýtt veitingahúsaverð og það var svolítið flókið. Nú ég reiknaði út verðið á öllum þeim vörutegundum sem voru til í ríkinu (annar innflutningur var bannaður). Síðan var þetta vélritað og afhent öllum félagsmönnum. Við þurftum að senda þetta í pósti til veitingastaða úti á landi, þetta var fyrir tíma tölvu og faxtækja, en veitingamenn í Reykjavík þustu á skrifstofuna, sem var þá opin allan daginn þegar svona stórvíðburðir gerðust. Jæja. Það fékk enginn þessa verðmætu útreikninga í hendur nema vera búinn að greiða félagsgjaldið og við hliðina á bunkanum á skrifborðinu mínu voru víxileyðublöð. Þegar okkur tókst svo að fá frjálsa álagningu á áfengi með tilkomu bjórsins 1989, sem var auðvitað mikill sigur eftir mikla baráttu, þá sá ég alltaf eftir þessu snjallræði.

Þessi verðlagning var þó ekkert miðað við verðlagninguna um og fyrir þann tíma sem Ferðamálaráð var stofnað. Verðlagsstjóri hafði einu sinni ákveðið að verð á jólakökusneið á veitingahúsi yrði 2 krónur. Sendinefnd frá SVG með Lúðvík Hjálmtýsson, formann SVG og síðar ferðamálastjóra í broddi fylkingar fór á fund hans og sagði að veitingamenn þyrfti að fá 2.25. Þá sagði hann: eruð þið komnir hingað til að brúka kjaft? Nei, sagði Lúðvík og bar fram rök fyrir þessari hækkun sem þeir þyrftu. Að lokum sagðist verðlagsstjóri ekki sitja lengur undir þessari ósvífni og rak þá út. Svona var þetta þá.

Eitt af því sem hefur breyst mikið er maturinn. Við eigum í dag mjög marga frábæra veitingastaði en um það leyti sem Ferðamálaráð var stofnað var hann heldur einhæfur, lambakjöt var allsráðandi, fólk fékk sér asna fyrir matinn og Geisweiler rauðvín með matnum. Konráð á Sögu sagði eitt sinn frá því að þegar hann rak Lídó árið í kringum 1960 var verið að skipuleggja árshátíð og hann lagði til við skemmtinefndina að það yrði einhver flottur kjúklingaréttur í aðalrétt. Þá sagði nefndin: „Heyrðu vinur. Við ætlum að fá mat en ekki hænsni.

Í upphafi sjöunda áratugarins var Ísland í raun ekki þróað ferðamannaland en mikið átti eftir að breytast strax næstu árin. Það var þörf fyrir meira gistirými og frá 1962 til 1966 opnuðu Hótel Saga, Hótel Holt og Hótel Loftleiðir, það var engin smáaukning og í kjölfarið fjölgaði erlendum ferðamönnum mikið.

Fyrir þessum þrjátíu árum var veturinn slæmur, jafnvel í Reykjavík, léleg nýting hótela og annarra ferðaþjónustufyrirtækja. Desember var t.d. steindauður á veitingastöðunum. Nú er líflegt hér í bæ og víða úti á landi yfir veturinn og desember orðinn einn besti mánuður ársins á veitingahúsunum í Reykjavík, fólk byrjar að panta jólahlaðborðin í október. Veturinn er orðinn ótrúlega góður, sérstaklega í Reykjavík og hafa margir lagt hönd á plóg.

Margt hefur sem sagt breyst og væri hægt að standa hér í allt kvöld og tala um það. Eitt hefur þó ekki breyst, það er og hefur alltaf verið gaman að vinna í ferðaþjónustu.